

Starfsleyfi

ORF Líftækni hf.

kt: 420201 – 3540

Leyfi til að starfrækja: **Framleiðslu á lífefnum og snyrtivörum**

Aðsetur starfseminnar: **Víkurhvarf 7, Kópavogur**

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis veitir leyfi samkvæmt grein 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfið gildir frá 26. september 2017 til 25. september 2029

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt.

Gildissvið

Leyfið tekur til mengunarvarna við próteinframleiðslu og blöndun snyrtivara sbr. tl. 3.5 og 3.16 í fylgiskjali 2 við reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Um meðferð og merkingar efna og efnablanda sem notað eru í framleiðslunni skal farið eftir að ákvæðum efnalaga nr. 61/2013 með síðari breytingum. Leyfið tekur ekki til innflutnings, meðhöndlunar, átöppunar eða dreifingar á eiturefnum eins og þau eru skilgreind í efnalögum nr. 61/2013.

Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- IV. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 um húsnæði og lóðir,
- III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, meðferð, geymslu og flutning hans í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar ásamt þrifnað lóðar,
- almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000.

Sértæka kröfur til mengunarvarna og öryggismála

Við reksturinn ber að:

- tryggja að hættuleg efni og spilliefni séu ekki losuð í fráveitu heldur sé skilað í viðurkennda förgun,
- úrgangur frá starfseminni verði geymdur í lokuðum, traustum og snyrtilegum ílátum þar til honum verður komið til endurvinnslu eða í viðurkenda förgun,
- „drena“ tómar umbúðir eins og kostur er fyrir þvott eða förgun og safna úrganginum og koma í viðurkennda förgun,
- halda skal skrá yfir efnaúrgang sem komið er í förgun.

Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Samá gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvara.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Við flutning fyrirtækisins fellur leyfið úr gildi. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstraraðili við starfseminni er heimilt að fenginni umsókn, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi enda verði engin önnur breyting á starfseminni.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Garðabær, 13. desember 2017



The signature is handwritten in blue ink and appears to read "Þorsteinn Þorsteinsson". It is placed over a circular blue stamp. The stamp contains the text "HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARDAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS" around the perimeter, and "GARÐABÆR" in the center.